



## Fundargerð hreppsnefndar 17. nóvember 2011

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 17. nóv.  
2011 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, og ritaði hann fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá frá 3. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 3. nóv. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 2. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 2. nóv. sl.

Gerð var grein fyrir því að gerður hefði verið samningur við kennara um námskeið í gítarkennslu á haust og vorönn skólans. Þar væri gert ráð fyrir að viðkomandi kæmi 3 sinnum á hvorri önn.

Nálægt 10 nemendur eru í þessu námi sem stendur. Áætlað er að þessi lausn mála verði látin nægja í vetur.

Jafnframt var fjallað um tillögu frá aðalfundi Foreldrafélags Vopnafjarðarskóla um að unnið yrði að stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði. Hreppsnefnd tekur undir tillöguna eins og gert er í fræðslunefndinni og mun beita sér fyrir því að kannaðir verði möguleikar á því að stofna slíka deild. Fram kom tillaga frá Sigríði Elvu um að skipuð yrði nefnd til þess að vinna að undirbúningi þessa og var það samþykkt. Nefndin verður skipuð á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 11. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 11. nóv. sl. Oddviti gerði grein fyrir tillögu, sem fram kemur í 5. tl. fundargerðarinnar varðandi matslýsingu á deiliskipulagi haugasvæðis.

Jafnframt var gerð grein fyrir 6. tl. fundargerðarinnar, varðandi vegaslóða við Selá.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál og var fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra frá 8. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð þjónustuhóps aldraðra frá 8. nóv. sl.

Sérstaklega var bent á ályktun hópsins í 5. tl. fundargerðarinnar, varðandi málefni Sundabúðar.

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktunina og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við Velferðarráðuneytið og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð umhverfisnefndar frá 15. nóv. sl. -Ath.- Fundargerðinni verður dreift á fundinum.

Lögð fram fundargerð umhverfisnefndar frá 15. nóv. sl. Bent var á bókun nefndarinnar í 2. tl.

fundargerðarinnar varðandi matslýsingu deiliskipulags haugasvæðis. Hreppsnefnd samþykkir hana og vísar til afgreiðslu sinnar undir liðnum fundargerð Skipulags- og bygginganefnd hér að ofan.

Jafnframt var bent á 3. tl. fundargerðarinnar tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðanefnd. Afgreiðslu þess máls vísað til 11. tl. á dagskrá hreppsnefndar hér á eftir.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

6. mál. Álagning útsvars árið 2012. Tillaga

Lögð fram svofelld tillaga um álagningu útsvars fyrir árið 2012.

**„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að útsvarshlutfall árið 2012 verði eins og var á árinu 2011. Álagningarhlutfallið verður því 14,48% á árinu 2012, sem er hámarksálagning.“**

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum..

7. mál. Álagning fasteignagjalda árið 2012. Tillaga.  
Lögð fram svofelld tillaga um álagningu fasteignagjalda:

**„Álagning fasteignagjalda 2012 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.**

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2012 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- |   |        |                         |
|---|--------|-------------------------|
| 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir.   | 0,55 % | af heildarfasteignamati |
| 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði.   | 1,65 % | af heildarfasteignamati |
| 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn | 1,32 % | af heildarfasteignamati |

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

· Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 34 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,2 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

**Gjalddagar fasteignagjalda 2012 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.**

**Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.**

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2011 skv. skattframtali 2012:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2011 allt að kr. 2.245.799	100% niðurfelling
Brúttótekjur 2011 allt að kr. 3.111.523	50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2011 allt að kr. 3.328.327	100 % niðurfelling
Brúttótekjur 2011 allt að kr.3.708.112	50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna ( hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2011 og 2012 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu

2012. Hvort gjald um sig skal vera kr. 10.500 á íbúð eða samtals 21.000 Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011. Gögn þessi má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.“

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu, en samkvæmt henni er ekki gert ráð fyrir að álagning fasteignagjalda hækki milli árana 2011 og 2012.

Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu og möguleika á því að breyta álagningarforsendum. Samþykkt var að fresta afgreiðslu þessarar tillögu til næsta fundar hreppsnefndar og nýta tíman á milli funda til þess að fara nánar yfir tillöguna.

Samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

8. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A -og B- hluta fyrir 2012.

-Fyrri umræða-. Frekari gögnum verðu dreift á fundinum

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B hluta fyrir árið 2012.

Með áætluninni fylgir rekstraryfirlit málaflokka, rekstrarreikningur, sjóðstreymi samsteypunnar og efnahagsreikningur.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum og lagði jafnframt fram greinagerð sína með fjárhagsáætluninni, þar sem greint er frá helstu forsendum fyrirbyggjandi áætlunar bæði á tekju -og gjaldahlið. Fór hann síðan yfir helstu stærðir í fyrirbyggjandi áætlun. Í sjóðstreymi áætlunarinnar kemur fram:

Að allir sjóðir í A -og B hluta verða samtals gerðir upp með 77,2 m. kr. hagnaði á árinu 2012. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 136,3 m. kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir nettófjárhæð í fjárfestingar að upphæð 62,7 m.kr. Við það er þó miðað að ekki verði farið í stórfelldar fjárfestinga á árinu nema mögulegt verði að selja eignir á árinu á móti og eða fá styrki til framkvæmdanna eða mögulegt verði að finna frekari glufu í rekstrinum. Afborganir lána eru áætlaðar 97,4 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir því að nein ný lán verði tekin á árinu. Hreint veltufé og sala eigna fjármagnar alfarið afborganir lána og áætlaðar fjárfestingar. Að öllu þessu töldu er ráðgert að handbært fé hækki um 6,1 m.kr. og verði 6,9 m.kr. í árslok, náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun A -og B- hluta sjóða fyrir árið 2012.

Að máli sínu loknu lagði sveitarstjóri síðan til að fyrirbyggjandi áætlun yrði vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd eftir tvær vikur.

Oddviti lagði síðan til að skynsamlegt væri að hafa vinnufund um fjárhagsáætlun milli umræðna, helst í næstu viku.

Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Samþykkt var samhljóða að vísa fyrirbyggjandi áætlun til síðari umræðu.

Jafnframt var samþykkt að hafa vinnufundi um áætlunina kl. 17.00, þriðjudaginn 22. nóv. og miðvikudaginn 30. nóv. á sama tíma. Síðari umræða í sveitarstjórn fari síðan fram mánudaginn 5. des. nk.

9. mál Kolbeinstangi ehf. Skipun í nýja stjórn

Lagðar fram samþykktir fyrir Kolbeinstanga ehf. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirtækinu, sem Vopnafjarðarhreppur eignaðist að fullu árið 2010. Enginn rekstur hefur verið í fyrirtækinu fram að þessu, en hugmyndin var í upphafi að nýta það til utanumhalds um margvísleg atvinnumál, sem unnið hefur verið að uppbyggingu á hjá sveitarfélaginu.

Vopnafjarðarhreppur er eini hluthafinn og fer því með öll hlutabréf fyrirtækisins.

Kjósa þarf nýja stjórn fyrirtækisins, þrjá aðalmenn og einn til vara. Tillaga kom fram um að í aðalstjórn verði: Þórunn Egilsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson og Bárður Jónasson og til vara Björn Hreinsson.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

10. mál. Veiðifélag Vesturdalsár bréf dags. 6. nóv. sl., vegna breytingar á leigusamningi. Lagt fram fundarboð um fund í veiðifélagi Vesturdalsár, vegna breytingar á leigusamningi. Fundurinn verður haldinn sunnudaginn 20. nóv. nk. Samþykkt að fulltrúi sveitarfélagsins mæti á fundinn..

11. mál. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 21. okt. sl. varðandi tilnefningu í vatnasvæðanefnd. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 21. okt. sl., þar sem óskað er eftir því að tilnefndur verði fulltrúi sveitarfélagsins í sérstaka vatnasvæðanefnd á vatnasvæði 2 og er í því sambandi vísað í 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um fulltrúa í vatnasvæðanefnd og fram kemur að tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni. Hreppsnefnd samþykkir að kanna hug annarra sveitarfélaga á svæðinu til slíkrar tilnefningar. Að því loknu verði tekin endanleg ákvörðun.

12. mál. Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austurlands 25. nóv. nk.; fundarboð Lagt fram aðalfundarboð Héraðsskjalasafns Austurlands, en fundurinn verður haldinn á Seyðisfirði föstudaginn 25. nóv. nk. Fulltrúi sveitarfélagsins mun mæta á fundinn.

13. mál. Minjasafnið Bustarfelli, bréf móttækið 15. nóv. sl., varðandi styrk. Lagt fram erindi Minjasafnsins að Bustarfelli frá 15. nóv. sl., varðandi styrk. Erindinu vísað til endanlegrar afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

14. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Snorraverkefni bréf dags. 7. nóv. sl.

Lagt fram erindi Snorraverkefnis frá 7. nóv. sl. , varðandi styrk.

Vísað til endanlegrar afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2012.

b)Bréf ábúanda að Einarstöðum, varðandi afleggjara heim að bænum.

Lagt fram til kynningar.

c)Ársreikningur Einherja vegna ársins 2010.

Lagður fram til kynningar.

D) Bréf dags. 3. nóv. sl., frá vistmönnum í Sundabúð, þar sem þakkað er fyrir stuðning við ferð sem vistmennirnir ásamt starfsmönnum fóru í og styrkt var af sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd þakkar fyrir hlý orð.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17.05